



Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar
1. janúar - 30. september 2022
í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn var hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 354 millj. evrur (1. janúar til 30. september 2021 292 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 72 millj. evrur samanborið við 43 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 446 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Rekstur tímabilsins

Rekstur botnfisksviðs hefur almennt gengið vel bæði veiðar og vinnsla. Ísfiskskipin veiddu rúm 18 þúsund tonn og frystitogarar tæp 16 þúsund tonn fyrstu níu mánuði ársins. Verð hafa verið há það sem af er ári í flestum tegundum sem endurspeglast í góðri afkomu.

Veiðar og vinnsla á loðnu gengu bærilega og lönduðu skip Brims um 77,6 þúsund tonnum af loðnu á tímabilinu janúar til mars en auk þess voru keypt um 10 þúsund tonn af öðrum skipum. Á loðnuvertíðinni var lokað fyrir ótrygga raforku til fiskimjölsværsmiðjunnar á Vopnafirði og þurfti því að keyra hana að stærstum hluta á olíu sem þýddi verulega hækkun á kolefnisspori félagsins.

Í kjölfar loðnuvertíðar hófust veiðar og vinnsla á kolmunna í apríl og maí sem gengu vel og lönduðu skip félagsins í fiskimjölsværsmiðjuna á Vopnafirði. Alls var tekið á mótum um 38 þúsund tonnum af hráefni. Makrílvertíð félagsins stóð fram í miðjan september þegar veiðar á norsk-íslenskri síld tóku við. Veiðar á makríl gengu ágætlega en sækja þurfti makrílinn á fjarlæg mið með tilheyrandi aukinni olíunotkun. Veiðar á norsk-íslenskri síld fóru að mestu fram á nálægum miðum við vinnslu félagsins á Vopnafirði. Því var hægt að stýra síldveiðum þannig að kostnaður var í lágmarki og gæði afurða eins og best verður á kosid.

Afhending eigin hluta til starfsmanna

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum þann 24. febrúar 2022 að afhenda fastráðnu starfsfólki félagsins og dótturfélaga hluti í Brimi í samræmi við starfsaldur hjá félaginu. Verðmæti hlutanna miðaðist við loka viðskiptagengi þann dag, sem var 74 og hefur heildarkostnaður að fjárhæð 4.039 þús. evrur verið gjaldfærður í uppgjörinu.

Önnur mál

Í lok september var gengið frá samkomulagi við Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. um kaup á félaginu RE27 ehf. en eignir þess eru frystitogarinn Sólborg RE-27 og veiðiheimildir. Verðmæti eigna félagsins eru 88,5 milljónir evra. Skuldir RE27 ehf. hjá viðskiptabanka nema 81,5 milljónum evra og mun Brim yfirtaka þær. Kaupverð félagsins er því 7 milljónir evra sem verða greiddar við frágang viðskipta og eftir að búið er að uppfylla hefðbundna fyrirvara.

Þann 21. október var gengið frá samkomulagi um kaup á hlutabréfum í danska félaginu Polar Seafood Denmark A/S sem er söluvirketæki, vinnsluáðili og útflytjandi hágæða villtra sjávarafurða úr Norður-Atlantshafi. Kaupin voru gerð í gegnum nýstofnað danskt eignarhaldsfélag sem er í eigu Brims hf. Heildarkaupverðið sem Brim greiðir er 625 milljónir danskra króna eða sem nemur um 84 milljónum evra. Að öllum fyrirvörum uppfylltum, mun Brim hf. eignast 50% hlutafjár í Polar Seafood Denmark A/S og aðrir eftirstandandi hlutir verða í eigu Polar Seafood Greenland A/S. Samningurinn er háður hefðbundnum skilyrðum fyrir þessum viðskiptum, eins og samþykki viðkomandi yfirvalda.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2022 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. nóvember 2022.

Stjórn félagsins:

Kristján Þ. Davíðsson

Anna G. Sverrisdóttir

Hjálmar Kristjánsson

Kristrún Heimisdóttir

Magnús Gústafsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2022

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrjú ársfjórðungar	
		2022	2021	2022	2021
		1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Seldar vörur		111.576	91.557	353.864	291.636
Kostnaðarverð seldra vara		(76.131)	(65.670)	(241.935)	(225.353)
Vergur hagnaður		<u>35.445</u>	<u>25.887</u>	<u>111.929</u>	<u>66.283</u>
Aðrar tekjur		0	2.983	0	2.983
Útflutningskostnaður		(2.675)	(1.866)	(8.864)	(5.762)
Annar rekstrarkostnaður	6	(2.561)	(2.290)	(13.047)	(7.370)
Rekstrarhagnaður		<u>30.209</u>	<u>24.714</u>	<u>90.018</u>	<u>56.134</u>
Fjáreignatekjur		335	987	1.996	3.020
Fjármagnsgjöld		(1.804)	(1.818)	(5.530)	(5.784)
Gengismunur		674	231	1.650	(152)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		<u>(795)</u>	<u>(600)</u>	<u>(1.884)</u>	<u>(2.916)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага		228	86	2.062	651
Hagnaður fyrir tekjuskatt		29.642	24.200	90.196	53.869
Tekjuskattur		(6.427)	(4.334)	(18.123)	(10.776)
Hagnaður tímabilsins		<u>23.215</u>	<u>19.866</u>	<u>72.073</u>	<u>43.093</u>
EBITDA		<u>34.196</u>	<u>25.778</u>	<u>102.283</u>	<u>65.511</u>
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður og þynntur					
hagnaður á hlut (ISK)		0,0121	0,0103	0,0376	0,0224

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2022

	Þriðji ársfjórðungur		Þrjú ársfjórðungar	
	2022	2021	2022	2021
	1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9. *	1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins	23.215	19.866	72.073	43.093
Rekstrarliðir færðir á eigið fé:				
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	1.175	(12)	2.339	894
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	(105)	121	399	401
Heildarafkoma tímabilsins	<u>24.285</u>	<u>19.975</u>	<u>74.811</u>	<u>44.388</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2022

		30.9.2022	31.12.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir		177.950	181.496
Óefnislegar eignir		322.733	323.730
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		51.262	45.437
Langtímakröfur á tengda aðila		24.928	75.347
Aðrar fjárfestingar		1.846	1.536
	Fastafjármunir	<u>578.719</u>	<u>627.546</u>
Birgðir	7	78.251	50.313
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		55.848	28.270
Kröfur á tengda aðila		4.655	12.888
Handbært fé		158.445	76.889
	Veltufjármunir	<u>297.199</u>	<u>168.360</u>
	Eignir samtals	<u><u>875.918</u></u>	<u><u>795.906</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		20.082	20.052
Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutfjár		61.643	59.431
Þýðingarmunur		3.204	865
Annað bundið eigið fé		53.395	62.032
Óráðstafað eigið fé		307.965	256.026
	Eigið fé samtals	<u>446.289</u>	<u>398.406</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	8	67.142	258.568
Tekjuskattsskuldbinding		75.124	76.165
	Langtímaskuldir	<u>142.266</u>	<u>334.733</u>
Vaxtaberandi skuldir	8	220.580	26.117
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		43.040	21.540
Skuldir við tengda aðila		4.462	2.775
Skattar til greiðslu		19.281	12.335
	Skammtímaskuldir	<u>287.363</u>	<u>62.767</u>
	Skuldir samtals	<u>429.629</u>	<u>397.500</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>875.918</u></u>	<u><u>795.906</u></u>

Eiginfjáryfirlit 30. september 2022

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður og yfirverðs- reikningur	Þýðingar munur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samals
1. janúar til 30. september 2021						
Eigið fé 1.1.2021	20.052	59.431	118	49.019	208.850	337.470
Greiddur arður 1,2 kr. á hlut					(15.534)	(15.534)
Heildarhagnaður tímabilsins			1.172		43.093	44.265
Áhættuvarnir langtímaskulda				401		401
Millifært á bundið eigið fé				9.860	(9.860)	
Eigið fé 30.9.2021	<u>20.052</u>	<u>59.431</u>	<u>1.290</u>	<u>59.280</u>	<u>226.549</u>	<u>366.602</u>
1. janúar til 30. september 2022						
Eigið fé 1.1.2022	20.052	59.431	865	62.032	256.026	398.406
Afhent eigin bréf	30	2.212				2.242
Greiddur arður, 2,1 kr. á hlut					(29.276)	(29.276)
Heildarhagnaður tímabilsins			2.339		72.073	74.412
Áhættuvarnir langtímaskulda				505		505
Millifært á bundið eigið fé				(9.037)	9.037	
Eigið fé 30.9.2022	<u>20.082</u>	<u>61.643</u>	<u>3.204</u>	<u>53.500</u>	<u>307.860</u>	<u>446.289</u>

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2022

	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabilsins	90.018	56.134
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afhent eigin bréf	2.242	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(34)	(2.986)
Afskriftir	12.265	12.363
	<u>104.491</u>	<u>65.511</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(56.820)	(6.743)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	25.813	10.603
	<u>(31.007)</u>	<u>3.860</u>
Innheimtar vaxtatekjur	1.996	3.020
Greidd vaxtagjöld	(5.324)	(5.805)
Greiddir skattar	(6.230)	(4.649)
Handbært fé frá rekstri	<u>63.926</u>	<u>61.937</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(467)	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(8.647)	(1.666)
Söluverð rekstrarfjármuna	185	5.288
Innorganir lánveitinga til tengdra aðila	56.372	495
Lánveitingar til tengdra aðila	(2.896)	0
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum	(123)	(210)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>44.424</u>	<u>3.907</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(29.276)	(15.534)
Skammtímalán	(1.953)	(20.591)
Ný langtímalán	16.984	19.739
Afborganir langtímalána	(12.549)	(32.215)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(26.794)</u>	<u>(48.601)</u>
Hækkun á handbæru fé	81.556	17.243
Handbært fé í ársbyrjun	<u>76.889</u>	<u>21.596</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>158.445</u>	<u>38.839</u>

Skýringar

1. Félagið

Brim hf. "Félagið" er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út níu fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarfélaga og rekur eigin markaðs- og sölustarf sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengi til sjós og lands og gæði afurða.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 17. nóvember 2022.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.brim.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarpáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjársvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfspætti samstæðunnar.

	Botnfisk- svið	Uppsjár- svið	Sölufélög í Asíu	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Starfspættir 1.1.-30.9.2022						
Seldar vörur	125.821	129.293	131.406	14.817	(47.473)	353.864
Kostnaðarverð	(87.015)	(60.658)	(126.190)	(12.356)	44.284	(241.935)
Vergur hagnaður	38.806	68.635	5.216	2.461	(3.189)	111.929
Útflutningskostnaður	(4.480)	(3.588)		(796)		(8.864)
Annar rekstrarkostnaður *	(3.535)	(3.419)	(807)	(5.286)		(13.047)
Rekstrarhagnaður	30.791	61.628	4.409	(3.621)	(3.189)	90.018
Fjármagnsliðir						(1.884)
Áhrif hlutdeildarfélaga						2.062
Hagnaður fyrir tekjuskatt						90.196
Tekjuskattur						(18.123)
Hagnaður tímabilsins.....						72.073

* Kostnaður vegna afhendingu á hlutum í félaginu að fjárhæð 4.039 þús. evrur til starfsmanna (sjá umfjöllun í skýringu 10) er færður til gjalda undir starfspættinum annað.

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit frh. Starfspættir 1.1.-30.9.2021	Botnfisk- svið	Uppsjávar- svið	Sölufélög í Asíu	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Seldar vörur	118.890	59.396	127.683	16.121	(30.454)	291.636
Kostnaðarverð	(86.809)	(30.325)	(124.936)	(12.570)	29.287	(225.353)
Vergur hagnaður	32.081	29.071	2.747	3.551	(1.167)	66.283
Aðrar tekjur				2.983		2.983
Útflutningskostnaður	(3.931)	(917)		(914)		(5.762)
Annar rekstrarkostnaður	(2.788)	(2.673)	(724)	(1.185)		(7.370)
Rekstrarhagnaður	25.362	25.481	2.023	1.452	(1.167)	56.134
Fjármagnsliðir						(2.916)
Áhrif hlutdeildarfélagas						651
Hagnaður fyrir tekjuskatt						53.869
Tekjuskattur						(10.776)
Hagnaður tímabilsins						<u>43.093</u>

6. Annar rekstrarkostnaður	2022	2021
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Laun og launatengd gjöld	2.893	2.766
Launakostnaður vegna afhendingar hlutabréfa til starfsmanna	4.039	0
Annar stjórnunarkostnaður	5.695	4.323
Markaðskostnaður	420	281
	<u>13.047</u>	<u>7.370</u>

7. Birgðir	30.9.2022	31.12.2021
Birgðir greinast þannig:		
Afurðabirgðir	72.528	44.181
Rekstrarvörubirgðir	5.723	6.132
	<u>78.251</u>	<u>50.313</u>

8. **Vaxtaberandi skuldir**
Sambankalán móðurfélagsins er með lokagjalddaga þann 15. júní 2023. Unnið er að endurfjármögnun lánsins.

9. Kennitölur		
Helstu kennitölur samstæðunnar:		
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,03	2,68
Lausafjárlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,76	1,88
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,51	0,50

10. Afhending á hlutabréfum til starfsmanna

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundi þann 24. febrúar 2022 að afhenda fastráðnu starfsfólki félagsins og dótturfélaga hluti í Brimi í samræmi við starfsaldur hjá félaginu. Verðmæti hlutanna miðaðist við loka viðskiptagengi þann dag, sem var 74 og hefur heildarkostnaður að fjárhæð 4.039 þús. evrur verið gjaldfærður í uppgjörinu.

Skýringar, frh.:

11. Önnur mál

Í lok september var gengið frá samkomulagi við Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. um kaup á félaginu RE27 ehf. en eignir þess eru frystitogarinn Sólborg RE-27 og veiðiheimildir. Verðmæti eigna félagsins eru 88,5 milljónir evra. Skuldir RE27 ehf. hjá viðskiptabanka nema 81,5 milljónum evra og mun Brim yfirtaka þær. Kaupverð félagsins er því 7 milljónir evra sem verða greiddar við frágang viðskipta og eftir að búið er að uppfylla hefðbundna fyrirvara.

Þann 21. október var gengið frá samkomulagi um kaup á hlutabréfum í danska félaginu Polar Seafood Denmark A/S sem er sölufyrirtæki, vinnsluaðili og útflytjandi hágæða villtra sjávarafurða úr Norður-Atlantshafi. Kaupin eru gerð í gegnum nýstofnað danskt eignarhaldsfélag sem er í eigu Brims hf. Heildarkaupverðið er 625 milljónir danskra króna eða sem nemur um 84 milljónum evra. Að öllum fyrirvörum uppfylltum, mun Brim hf. eignast 50% hlutafjár í Polar Seafood Denmark og aðrir eftirstandandi hlutir verða í eigu Polar Seafood Greenland A/S. Samningurinn er háður hefðbundnum skilyrðum fyrir þessum viðskiptum, eins og samþykki viðkomandi yfirvalda.

Ársfjórðungyfirlit

	3F 2022	2F 2022	1 F 2022	Samtals	
Seldar vörur	111.576	148.335	93.953	353.864	
Kostnaðarverð seldra vara	(76.131)	(113.451)	(52.353)	(241.935)	
Vergur hagnaður	35.445	34.884	41.600	111.929	
Útflutningskostnaður	(2.675)	(3.400)	(2.789)	(8.864)	
Annar rekstrarkostnaður	(2.561)	(3.699)	(6.787)	(13.047)	
Rekstrarhagnaður	30.209	27.785	32.024	90.018	
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(795)	(295)	(794)	(1.884)	
Áhrif hlutdeildarfélaganna	228	739	1.095	2.062	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	29.642	28.229	32.325	90.196	
Tekjuskattur	(6.427)	(5.768)	(5.928)	(18.123)	
Hagnaður tímabilsins	23.215	22.461	26.397	72.073	
EBITDA	34.196	31.864	36.223	102.283	
	4 F 2021	3 F 2021	2 F 2021	1 F 2021	Samtals
Seldar vörur	96.295	91.557	128.742	71.337	387.931
Kostnaðarverð seldra vara	(68.129)	(65.670)	(107.453)	(52.230)	(293.482)
Vergur hagnaður	28.166	25.887	21.289	19.107	94.449
Aðrar rekstrartekjur	17.908	2.983	0	0	20.891
Útflutningskostnaður	(2.255)	(1.866)	(2.448)	(1.448)	(8.017)
Annar rekstrarkostnaður	(2.436)	(2.290)	(2.447)	(2.633)	(9.806)
Rekstrarhagnaður	41.383	24.714	16.394	15.026	97.517
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(717)	(600)	(1.155)	(1.161)	(3.633)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	154	86	152	413	805
Hagnaður fyrir tekjuskatt	40.820	24.200	15.391	14.278	94.689
Tekjuskattur	(8.711)	(4.334)	(3.080)	(3.362)	(19.487)
Hagnaður tímabilsins	32.109	19.866	12.311	10.916	75.202
EBITDA	27.689	25.778	20.572	19.161	93.200

Ársfjórðungyfirlit hafa ekki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.